



Skipulagsstofnun
b.t. Þórdísar Stellu Erlingsdóttur
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Kópavogi, 27. október 2021
2105939/510.03 ADK

Umsögn Kópavogsbæjar um matsskyldufyrirspurn fyrir breikkun Suðurlandsvegur: Fossá – Hólmsá. Hliðarvegur í Lækjarbotnum.

Skipulagsstofnun óskaði eftir umsögn Kópavogsbæjar, með bréfi dags. 27. september síðastliðnum um matsskyldufyrirspurn vegna lagningu hliðarvegur við Suðurlandsveg í Lækjarbotnum. Byggt á fyrirliggjandi gögnum telur Kópavogsbær að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda umtalsverðum neikvæðum umhverfisáhrifum og því skuli hún ekki matsskyld.

Staðhættir

Framkvæmdin er um 1.200 m nýr vegur innan Kópavogsbæjar. Hann mun liggja frá núverandi afleggjara að Waldorfskólanum í norðvestur að fyrirhuguðum Geirlandsvegamótum við Suðurlandsveg. Er það hluti af breikkun Suðurlandsvegur í svokallaðan 2+1 veg.

Forsendur niðurstöðu

Lýsing á framkvæmdinni er skýr, rök eru færð fyrir helstu umhverfisáhrifum og lýsing á verklagi styður við niðurstöðu matsskyldufyrirspurnar um að framkvæmd skuli ekki matsskyld.

Nýi vegurinn er innan öryggissvæðis vegna grunnvatns. Tillaga að veglínu tekur tillit til skráðra fornleifa sem eru nærri, og gætir þess að raska ekki friðlýstum svæðum sem eru nærri, nánar tiltekið FS-4 Tröllabörn í Lækjarbotnalandi. Þó þarf einn tíundahluti af grjóttgarði umhverfis sk. Túnhól innan hverfisverndarsvæðisins HV-16 að víkja. Vegna aldurs telst grjóttgarðurinn friðaður skv. lögum um menningarminjar frá 2012. Einnig þarf að fjarlægja tæpan hálfan hektara af trjágróðri sem mögulega er hluti af 24 hektara skógræktarsvæði SK-2 Lækjarbotnar, en óvíst er hvort sá gróður tilheyrir hinu eiginlega skógræktarsvæði eður ei. Vegagerðin hyggst nýta gróður í yfirborðsfrágang eins og hægt er.

Umhverfisáhrif

Með því verklagi sem lýst er í matsskyldufyrirspurn Vegagerðarinnar er Kópavogsbær sammála því að áhrif á gróðurfar, hljóðvist og verndarsvæði teljist engin eða óveruleg. Þar sem skerðing á friðuðum grjóttgarði umhverfis Túnhól er einungis 10% af heild er Kópavogsbær sammála að það teljist óveruleg umhverfisáhrif. Vegurinn verður óneitanlega nokkuð áberandi frá Suðurlandsvegi upp Lögbergsbrekkuna. Með vönduðum frágangi og nýtingu gróðurs í yfirborðsfrágang sem mótvægisáðgerð eru áhrif á ásýnd ekki talin sérstaklega neikvæð heldur



óveruleg. Á móti batnar aðgengi að Lækjarbotnum mjög mikið sem eykur umferðaröryggi og stytta aksturs- og ferðatíma.

Ekki er talin ástæða til að gera sérstakt áhættumat fyrir grunnvatn vegna vegalagningarinnar. Ekki er talin þörf á sérstakri vöktun.

Samræmi við skipulag

Breikkun Suðurlandsvegur fellur að Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 og auglýstri tillögu að Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 sem stofnbraut. Sem nauðsynleg stoðaðgerð telst hinn nýi vegur vera það líka.

Leyfi

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Kópavogsbæjar, skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Virðingarfyllt

Auður Dagný Kristinsdóttir
Skipulagsfulltrúi